

ÁKÆRENDARFÉLAG ÍSLANDS

Alþingi
Erindi nr. P 135/957
komudagur 17. 12. 2007

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 14. desember 2007


Ákærrendafélagi Íslands hefur borist til umsagnar, með bréfi allsherjarnefndar dags. 15. þ.m., frumvarp um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála þingskjal 41, 41. mál.

Umrætt frumvarp varðar breytingu á orðalagi 1. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála og er ætlað að þrengja heimildir dómara til að vísa frá einkaréttarlegum kröfum í opinberum málum.

Ákærrendafélag Íslands telur að einkaréttarlegum kröfum í opinberum málum, sem oftast eru skaða- og/eða miskabótakröfur brotþola, sé í of mörgum tilfellum vísað frá dómi í tengslum við meðferð refsímálsins. Þetta hefur þær afleiðingar að hagræði það sem brotþolum á að standa til boða með því að fá um kröfur sínar fjallað í opinbera málinu verður að engu. Breytingar á lögum sem hafa að markmiði að fjölga tilfellum þar sem slíkar kröfur fá umfjöllun dómsins eru af hinu góða.

Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp að nýjum lögum um meðferð sakamála þar sem lagðar eru til breytingar á þeim ákvæðum sem varða einkaréttarlegar kröfur í opinberum málum. Þykir eðlilegt að tillögur þingmannanna komi til skoðunar í tengslum við umfjöllun um frumvarpið í stað þess að gerðar verði breytingar á lögum sem ef að líkum lætur eru að falla úr gildi.

F.h. Ákærrendafélags Íslands



Helgi Magnús Gunnarsson formaður

Póstfang:

Ákærrendafélag Íslands
Helgi Magnús Gunnarsson
Snorrabraut 83
105 Reykjavík

Sími:

896 4185

Netfang:

hmg@rls.is

Kennitala:

701107-0550